

Umhverfisstofnun
Áb. AKO
23. ágú. 2011
83
Tilv. VST20101200008

## Samningur um umsjón náttúruvættisins Kalmanshellis

1. gr.

### *Samningsaðilar.*

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 og Bryndís Jóna Jónsdóttir, kt. 270539-2389 og Ólafur J. Kristófersson, kt. 301149-3609, eigendur jarðanna Kalmanstungu I og II, gera með sér samning um umsjón náttúruvættisins Kalmanshellis í samræmi við 30. grein laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Friðlýsta svæðið er náttúruvætti.

2. gr.

### *Markmið samningsins.*

Markmið samningsins er að umsjón náttúruvættisins Kalmanshellis sé í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 og reglur hins friðlýsta náttúruvættis sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda Kalmanshelli, einstæðar jarðmyndanir hellisins og hellakerfið allt, sem er um 4 km langt, og koma í veg fyrir röskun og skemmdir á jarðmyndunum hellisins. Sérstakar takmarkanir eru á aðgengi að viðkvæmasta hluta hellisins.

3. gr.

### *Mörk verndarsvæðisins.*

Mörk náttúruvættisins eru hellirinn sjálfur og það land sem yfir honum er, auk 100 m jaðarsvæðis umhverfis hellinn. Vegna viðkvæmra jarðmyndana skal farið með upplýsingar um nákvæma staðsetningu hans sem trúnaðarmál. Upplýsingarnar eru varðveittar af Umhverfisstofnun sem er heimilt að veita þær þeim aðilum sem sérstakt leyfi hafa fengið til umferðar um hellinn, og öðrum sem nauðsynlegt er að fá slíkar upplýsingar.

4. gr.

### *Verndaráætlun.*

Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur og aðra hagsmunaaðila, skal vinna að gerð verndaráætlunar fyrir hið friðlýsta svæði í samræmi við d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

5. gr.

### *Umsjón og landvarsla.*

Landeigendur sjá um daglega umsjón náttúruvættisins. Umhverfisstofnun ber allan kostnað af rekstri þess. Svæðalandvörður Umhverfisstofnunar hefur reglulegt eftirlit með svæðinu. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvæðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

6. gr.

### *Fræðsla.*

Umhverfisstofnun sér um útgáfu fræðsluefnis um hellinn, í samráði við landeigendur og kostar hana.

7. gr.

WIA  
P.J.F.  
OK SS

*Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir.*

Óheimilt er að hrófla við jarðmyndunum innan marka náttúruvættisins nema vegna verndaraðgerða, hvort sem er á yfirborði eða neðanjarðar, þar með talið dropsteinsmyndunum í hellinum, en dropsteinar í öllum hellum landsins njóta verndar skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 120/1974.

Mannvirkjagerð og jarðrask innan marka friðlýsta svæðisins er óheimil.

8. gr.

*Skipting kostnaðar og gjaldtaka.*

Umhverfisstofnun eða umsjónaraðila hellisins er heimilt að innheimta þjónustugjald fyrir veitta þjónustu, svo sem fyrir leiðsögn um hellinn, sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd, og skal því varið til verndunar- og varðveislu aðgerða við hellinn.

9. gr.

*Skýrslugerð.*

Landvörður skal gefa Umhverfisstofnun skýrslu ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi í náttúruvættinu í samráði við landeigendur. Skila skal skýrslu til Umhverfisstofnunar í lok hvers starfsárs. Í skýrslunni skal tilgreina ástand náttúruvættisins, fræðslu, umgengi, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli varðandi náttúruvættið.

10. gr.

*Eftirlit Umhverfisstofnunar.*

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónaraðili uppfylli samningsskuldbindingar í samræmi við samning þennan, þær reglur sem gilda um náttúruvættið, sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, og verndaráætlun.

11. gr.

*Gildistími og gildistaka.*

Gildistími samnings þessa fyrir náttúruvættið Kalmanshellir er 10 ár frá undirritun og staðfestingu umhverfisaráðherra. Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hver samningsaðili einu eintaki og umhverfisaráðherra einu.

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfisaráðherra.

12. gr.

*Ákvæði um endurskoðun.*

Hver samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að 5 árum liðnum.

KIK  
B.J.J.  
OK SS


13. gr.

*Meðferð ágreiningsmála.*


Rísi ágreiningur um ákvörðun annars aðila en umhverfissráðherra um framkvæmd laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er heimilt að kæra ákvörðunina til umhverfissráðherra, sbr. 74. gr. laga um náttúruvernd.

*Brúarási, Borgarfirði, 19. ágúst 2011*


F.h. Umhverfisstofnunar

  
Kristín Linda Arnadóttir  
forstjóri


F.h. Landeigenda Kalmanstungu I

  
Ólafur J. Kristófersson  
Landeigandi


F.h. Kalmanstungu II

  
Bryndís Jóna Jónsdóttir  
Landeigandi

Staðfesting umhverfissráðherra

  
Svandís Svavarsdóttir  
ráðherra

Vottar:

  
Paul S. Þrygja - 500846 7279  
010365-4819